

# Náma við Karlseyjarveg

Óveruleg breyting á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2022-2034

sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

8. júní 2023




**ATA**

A1652-001-U01

## Óveruleg breyting á aðalskipulagi

Sveitarstjórn Reykhólahrepps hefur samþykkt óverulega breytingu á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2022-2034 sem felst í því að heimila grjótnám vegna hafnargerðar í klapparholti austan við Karlseyjarveg.

Staðsetning námunnar er sýnd á skipulagsuppdraetti Reykhóla hér fyrir neðan:



Staðsetning umræddrar námu á skipulagsuppdraetti 2, sem sýnir þéttbýli Reykhóla og nágrenni. Vestan Karlseyjarvegur er eldri náma með auðkenn E-26 á skipulagsuppdraettinum.

## Áform um efnistöku

Nú standa yfir endurbætur á Reykhólahöfn, sem er iðnaðarhöfn í Karlsey á Reykhólum, um 2 km sunnan þorpsins í mikilli nálægð við Þörungaverksmiðjuna og saltvinnslu. Vegna framkvæmda við hafnargarð er þörf á grjóti. Jarðfræðiathuganir sýna að meðfram Karlseyjarvegi eru klappir sem henta vel til sjóvarnargarða. Nálægð þessa efnis við höfnina gerir það einstaklega heppilegt og efnistakan getur farið fram án verulegs ónæðis og álags á vegi vegna grjótflutninga.

Áformuð efnistaka nemur 22.000 m<sup>3</sup> á 10.000 m<sup>2</sup> svæði.

Myndin hér fyrir neðan sýnir afmörkun námunnar ásamt loftmynd og hæðarlínum. Landið umhverfis hið afmarkað svæði er í 3-4 metra hæð en klapparholtið fer hæst í 8 metra. Rúmmál efnis ofan við 3,5 metra hæð er um 22.000 m<sup>3</sup>. Það ætti því að vera mögulegt að jafna klapparholtið niður að landhæð umhverfis námusvæðið og valda þannig sem minnstum sjónrænum áhrifum af efnistöku, að frágangi loknum.

## Staðhættir

Svæðið sunnan þorpsins á Reykhólum einkennist af klapparholtum með mýrarflóum tjörnum á milli. Móar, votlendi, tjarnir og leirur eru undirstaða fjölskrúðugs fuglalífs. Svæðið er vinsælt til útivistar.

Reykhólar hafa verið höfuðból frá öndverðu enda mikil hlunnindi að hafa á láglandinu umhverfis það og í Breiðafirði. Vitað er um fornminjar tengdar hlunnindanýtingu á svæðinu sunnan Reykhóla. Innan námusvæðisins eru leifar af hlöðnu skotbyrgi og rétt utan þess er gamalt naust. Samkvæmt fornleifaskráningu er aldur skotbyrgis óljós og er það hvorki talið hafa verulegt minja- né varðveislugildi (Óskar Leifur Árnarson, Fornleifafræðistofan, 2014).



Afmörkun námusvæðisins sýnd með rauðgulri brotalínu, ásamt hæðarlínunum. Staðsetning leifa af skotbyrgi sýnd með bláum hring. Naust er sýnt með bláum ferhyrningi og 15 metra helgunarsvæði með brotalínu þar í kring.





Á miðri mynd sést móta fyrir naustinu.



Afmörkun svæðisins sýnd gróflega á skámynd.

Vegna ásynnar svæðisins og útvistargildis er talin ástæða til að setja skýra skilmála um vandaðan frágang að efnistöku lokinni.

## Breyting á greinargerð

Breytingar verða á töflu yfir efnistöku- og efnislosunarsvæði á bls 52-55. Bætt er við eftirfarandi línu:

E-27, 1,0 ha. Reykhólar austan Karlseyjarveggar

Efnisvinnsla jafni klapparholt að umhverfinu. Að grjótnámi loknu skal leitast við að hafa yfirborð sem líkast aðlægu landi og án greinilegra merkja um jarðrask.

Hámarksvinnslumagn er 22.000 m<sup>3</sup> á 10.000 m<sup>2</sup>.

## Breytingar á uppdrætti

Sú breyting verður á skipulagsuppdrætti 2 (Reykhólar, 1:10.000) að afmarkaður er fláki með auðkenni E-27.



*Hluti af skipulagsuppdrætti 2, skali 1:10.000, fyrir breytingu vinstra megin og eftir breytingu hægra megin. Reitur með auðkenni E-27 bætist við.*

## Stefna og áætlanir

Ekki verður séð að fyrirhuguð breyting á landnotkun stangist á við aðrar áætlanir né heldur er búist við að breytingin rekist á við hagsmuni nágretta eða á svæðisvísu.

Tilgangur efnisnámsins er að bæta höfnina á Reykhólum, sem er lykilþáttur í atvinnulífi.

Engin sértæk ákvæði um vernd náttúru- eða menningarminja gilda um umrædd svæði en vernd Breiðafjarðar, skv. lögum nr. 55/1995, nær til allra eyja, hólma og skerja, ásamt fjörum í innri hluta fjarðarinnar. Ekki er um það að ræða að hróflað sé við fjöru, þótt umrædd náma sé nálægt fjöru.

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu.



## Málsmeðferð og rökstuðningur

Sveitarstjórn telur breytinguna sem hér hefur verið lýst svo óverulega að málsmeðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eigi við. Þar segir:

*Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á gildandi aðalskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 30.–32. gr. og skal þá sveitarstjórn senda rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar. Niðurstaða sveitarstjórnar skal auglýst. Við mat á því hvort breyting á aðalskipulagi geti talist óveruleg skal taka mið af því hvort hún hafi verulegar breytingar á landnotkun í för með sér eða sé líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila eða hafa áhrif á stór svæði. Fallist Skipulagsstofnun á tillögu sveitarstjórnar skal hún staðfesta tillöguna innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda. Fallist Skipulagsstofnun ekki á að um óverulega breytingu sé að ræða skal hún tilkynna sveitarstjórn um það og fer þá um málsmeðferð eins og um gerð aðalskipulags sé að ræða.*

Skipulagsstofnun hefur gefið út gátlista fyrir mat á því hvort breyting á aðalskipulagi geti talist óveruleg. Þar eru settar fram spurningar sem svarað verður hér fyrir neðan. Svör við spurningunum jafngilda einnig umhverfismati breytingarinnar.

1a: Víkur tillagan verulega frá meginstefnu aðalskipulagsins?

*Nei, tillagan er í góðu almennu samræmi við stefnu skipulagsins.*

1b: Er ný landnotkunarskilgreining annars eðlis eða samræmist illa núverandi ástandi eða skilgreindri landnotkun á svæðinu? Til dæmis áform um athafna- eða iðnaðarsvæði á óbyggðu landi.

*Nei, svo er ekki.*

1c: Eykst umfang landnýtingar verulega umfram það sem fyrir er eða fyrirhugað samkvæmt skipulagi? Til dæmis áform um verulega aukningu á byggingarmagni eða starfsemi.

*Nei.*

1d: Nýtur svæðið verndar svo sem vegna náttúru- og/eða menningarminja?

*Nei, engin slík vernd er fyrir hendi og sneitt er hjá nálægum fornminjum.*

2a: Er stækkun reits eða landfræðilegt umfang nýs landnotkunarreits verulegt? Sem viðmið má almennt líta á 3 ha sem verulega breytingu, þótt það sé háð mati hverju sinni.

*Nei, flatarmál grjótnámsins verður um 1 ha.*

2b: Felur tillagan í sér ákvæði um byggingarmagn eða starfsemi sem hefur áhrif á stórt svæði?

*Nei.*

2c: Er tillagan líkleg til að hafa veruleg áhrif innan og/eða fyrir utan skipulagssvæðið? Getur til dæmis varðað umhverfisáhrif svo sem af völdum loftmengunar eða að fyrirhuguð uppbygging hafi áhrif á sambærilega landnotkun/landnýtingu annarsstaðar í sveitarfélaginu eða bein áhrif á aðliggjandi svæði.

Nei, engin landnotkun er í grenndinni sem líkleg er til að verða fyrir áhrifum. Mögulega verður einhver hávaði á framkvæmdatíma.

3a: Er breytt landnotkun eða landnýting samkvæmt tillögunni líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila, svo sem vegna hávaða, lyktar, titrings, ryks, ásýndar eða umferðar?

Nei, engin landnotkun er í grenndinni sem líkleg er til að verða fyrir áhrifum. Íbúðabyggð í þorpinu á Reykhólum er í um 1.500 metra fjarlægð.

3b: Leiðir breytt landnotkun til þess að verðmæti eða hagnýting fasteignar skerðist umfram það sem vænta má miðað við óbreytta landnýtingu eða óbreytt skipulag?

Nei.

### Áritun

Breyting þessi var samþykkt af sveitarstjórn Reykhólahrepps þann ~~15.6.2023~~ <sup>15.6.2023</sup> í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



Breyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 15.09.23 í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



Gildistaka við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_.